

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – apríl 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársþriðjung ársins 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé frá rekstri um 24,1 ma.kr. innan ársins, sem er 13 ma.kr. hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 22,3 ma.kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 10,3 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan gjöldin lækka um 2,7 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 21,9 ma.kr. sem er 2,5 ma.kr. betra en á sama tíma í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar –apríl 2006 (Í milljónum króna)

	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Innheimtar tekjur	77.246	91.224	91.117	114.301	124.598
Greidd gjöld	80.131	83.693	91.818	103.202	100.458
Tekjufjöfnuður	-2.885	7.531	-701	11.099	24.140
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-10.720	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-2.099	710	908	1.993	207
Handbært fé frá rekstri	-4.984	-2.479	207	13.092	24.347
Fjármunahreyfingar	2.619	14.900	365	7.518	-2.478
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-2.365	12.421	536	19.356	21.869
Afborganir lána	-16.696	-5.642	-25.018	-29.826	-31.685
Innanlands	-6.688	-4.932	-3.170	-13.607	-9.179
Erlendis	-14.753	-710	-21.848	-16.219	-22.506
Greiðslur til LSR og LH	-3.000	-2.500	-2.500	-1.200	-1.320
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-22.061	4.279	-26.982	-11.670	-11.136
Lántökur	26.343	-550	32.004	13.949	6.456
Innanlands	2.190	9.141	11.618	2.169	2.910
Erlendis	24.153	-8.591	20.386	11.780	3.545
Greiðsluafkoma ríkissjóðs	4.281	4.657	5.022	2.279	-4.680

Heildartekjur ríkissjóðs námu 124,6 ma.kr. á fyrsta þriðjungi þessa árs sem er 10,3 ma.kr. meiri innheimta en á sama tíma í fyrra, eða 9% aukning. Ef hins vegar tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin 6,2%. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 114 ma.kr. sem er tæplega 12% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,6% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um tæp 7%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 47,7 ma.kr. og hækkuðu um 12,1 ma.kr. frá síðasta ári, eða 34%. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs nam hún 13,9 ma.kr. sem er 44% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 5 ma.kr. hækkun tekjuskatts lögaðila að mestu af áður nefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, eða um 14,3% en hér ber að nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 3,6 ma.kr. sem er lækkun um 29% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 2,8 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman frá fyrra ári um 15,3% sem er meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 53 ma.kr. og jókst um 6,5% frá fyrra ári, eða 1,8% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 4,2% sem jafngildir 0,4% raunlækkun. Þetta skýrist af lagabreytingu sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum.

Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu 42% meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning. Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs fjölgaði nýskráðum bifreiðum um 16,8% og hefur dregið úr vextinum síðustu mánuði.

Greidd gjöld nema 100,5 ma.kr. og lækka um 2,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,7%. Lækkunin skýrist alfarið af 7,6 ma.kr. lækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Að

vöxtum undanskildum hækka gjöldin um 4,8 ma.kr. eða 5,3%. Mest munar um heilbrigðismál sem hækka um 1,8 ma.kr. og 1,5 ma.kr. í almannatrygginga- og velferðarmálum. Þá hækka greiðslur til menntamála um 1,1 ma.kr. Samtals vega þessir þrír málaflokkar tæplega 2/3 af heildargjöldum ríkissjóðs. Greiðslur til löggæslu hækka um 0,4 ma.kr. og greiðslur til menningarmála um sömu fjárhæð. Á móti vegur 0,8 ma.kr. lækkun til efnahags- og atvinnumála. Skýrist það einkum af lægri greiðslum til samgöngumála.

Lántökur ársins nema aðeins 6,5 ma.kr. þrátt fyrir 31,7 ma.kr. afborganir lána. Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 ma.kr. á árinu og 1,3 ma.kr. voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar–apríl 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Skatttekjur og tryggingagjöld	84.209	101.914	117.173	14,4	21,0	15,0
Skattar á tekjur og hagnað	30.194	35.629	47.734	18,1	18,0	34,0
Tekjuskattur einstaklinga	20.969	22.963	25.759	12,2	9,5	12,2
Tekjuskattur lögaðila	2.952	3.024	8.076	-	-	-
Skattur á fjármagnstekjur	6.273	9.641	13.899	7,5	53,7	44,2
Eignarskattar	3.108	5.109	3.621	15,9	64,4	-29,1
Skattar á vöru og þjónustu	41.579	49.764	53.000	13,0	19,7	6,5
Virðisaukaskattur	28.529	34.457	35.906	15,0	20,8	4,2
Vörugjöld af ökutækjum	1.699	2.890	4.112	42,4	70,1	42,3
Vörugjöld af bensíni	2.619	2.760	2.812	18,3	5,4	1,9
Skattar á olíu	2.081	2.422	2.021	16,0	16,4	-16,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.092	3.238	3.397	-1,1	4,7	4,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3.559	3.997	4.754	-3,0	12,3	18,9
Tollar og aðflutningsgjöld	858	956	886	8,1	11,3	-7,3
Aðrir skattar	156	221	232	975,1	41,5	5,1
Tryggingagjöld	8.314	10.236	11.699	7,0	23,1	14,3
Fjárframlög	132	186	253	-16,1	40,3	36,2
Aðrar rekstrartekjur	6.773	12.131	7.153	1,9	79,1	-41,0
Sala eigna	2	70	19	-	-	-
Tekjur alls	91.117	114.301	124.598	-0,1	25,4	9,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Almenn opinber þjónusta	10.527	23.426	16.235	122,5	-30,7
Þar af vaxtagreiðslur	5.915	11.652	4.068	97,0	-65,1
Heilbrigðismál	17.146	26.126	27.925	52,4	6,9
Almannatryggingar og velferðarmál	15.084	22.289	23.769	47,8	6,6
Efnahags- og atvinnumál	8.535	12.460	11.629	46,0	-6,7
Menntamál	7.446	10.496	11.592	41,0	10,4
Menningar-, íþrótt- og trúmál	3.271	4.422	4.825	35,2	9,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2.141	2.948	3.380	37,7	14,7
Umhverfisvernd	842	899	955	6,9	6,2
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	48	135	147	182,3	9,1
Gjöld alls	65.039	103.202	100.458	58,7	-2,7